

Skólaráðsfundur 6.okt 2021.

Mætt eru: Björg, Aðalsteinn, Sigrún, Sif, Eva og Iðunn

Umræðuefni:

-Skólinn telur nú 630 nemendur og fer ágætlega um alla. Finnum þó aðeins fyrir því að það þrengist um okkur t.d. í matartíma, list- og verkgreinum.

Covid og skólastarf við forðumst blöndun ennþá, stigin eru aðskilin í söngstundum ofl. Stefnum þó á að halda Fjölgreindarleika í lok október.

Rætt um nýju kennslustofurnar á skólalóðinni, staðsetning og leiktæki sem eru enn á lóðinni.

Rætt um nýja skólabyggingu, skóflustunga hefur átt sér stað, hafið er að steypa sökkla. Stefnt er að því að byggingin verði tekin í notkun í ágúst 2023.

Farið yfir starfsáætlanir skóla og frístundar og þær samþykktar. Fulltrúi foreldra ræðir um dagskrá Vinahóls og hvort hægt að bæta við þemadögum. Bent er á að mikil breytingar eru á dagskrá Vinahóls vegna nýrra forstöðumanna en gott samt að fá ábendingar.

Ákveðnir fjöldi funda funda skólaráðs og tímasetningar. Möguleiki á að hafa skólaráðsfundi í Teams. Helmingur funda verði eftir hádegi og helmingur fyrir hádegi.

Rætt um stöðu Foreldrafélagsins, haustfögnuði var frestað. Foreldrafélagið er formannslaust eftir að Anna Rós hætti, félagið á eftir að skipta með sér verkum.

Rætt um hvernig á að skipa fulltrúa grenndarsamfélags í skólaráði, hugmynd kom um að gera eins og fyrra þegar auglýst var eftir fulltrúa inn á Facebook síðu hverfisins. Hugmyndin var samþykkt og annar fulltrúi foreldra ætlar að sjá um það.

Sóttkví starfsmanna tekur á skólastarfið, það er viðbúið að þetta gæti haft áhrif á stafið í vetur.

Spurning kom um hversvegna eru íþróttir kynjaskiptar? Þessi hópa skipting er í endurskoðun.

Ábending kom um að gott væri að fá kynningu fyrir foreldra nemenda sem eru að byrja á miðstigi í byrjun skólaárs svo foreldrar og kennarar geta aðeins horft framan í hvort annað. Svar kom að þetta er vegna COVID19 og fjöldatakmarkanna.

Fundarritari: Iðunn